

# Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

## 5. FUNDUR – 16. nóvember 2010

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 5. fundar þriðjudaginn 16. nóvember 2010 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

### Dagskrá:

1. *Fjárhagsáætlun 2011 – fyrri umræða*
2. *Fundargerðir:*
  - a) *Bæjarráð frá 20. október 2010*
  - b) *Bæjarráð frá 27. október 2010*
  - c) *Bæjarráð frá 3. nóvember 2010*
  - d) *Bæjarráð frá 12. nóvember 2010*
  - e) *Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 9. nóvember 2010*
3. *Önnur mál*

Forseti óskaði í upphafi fundar eftir því að taka upp liðina önnur mál og var það samþykkt.

### Afgreiðslur:

#### 1. *Fjárhagsáætlun 2011 – fyrri umræða*

Lögð fram fjárhagsáætlun 2011 til fyrri umræðu, rekstraryfirlit og sjóðsstreymi. Fjármálastjóri Blönduóssbæjar, Valgerður Hilmarsdóttir, mætti á fundinn og fór yfir áætlunina með fundarmönnum. Miklar umræður urðu um áætlunina en að henni lokinni vísaði forseti fjárhagsáætlun Blönduóssbæjar til síðari umræðu. Það var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

#### 2. *Fundargerðir:*

##### a. *Bæjarráð frá 20. október 2010*

Fundargerðin er í einum lið. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktana.

##### b. *Bæjarráð frá 27. október 2010*

Fundargerðin er í 9 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Umræður urðu um fundargerðina. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

**c. Bæjarráð frá 3. nóvember 2010**

Fundargerðin er í einum lið. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktana.

**d. Bæjarráð frá 12. nóvember 2010**

Fundargerðin er í 9 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Umræður urðu um fundargerðina. Hörður Ríkharðsson leggur fram eftirfarandi tillögu við lið 8 í fundargerðarinni: „*Legg til að Kvennaathvarfið verði styrkt um 50.000 kr.*

*Greinargerð: Fyrir liggur að Blönduósbær styrkir Aflið, systursamtök Stígamóta.*

*Kynbundið ofbeldi er vandamál í samfélaginu og hefur verið það lengi. Ofangreindir aðilar hafa unnið merkilegt starf á umliðnum árum og margir eiga þeim mikið að þakka. Einnig Blönduósingar. Á erfiðum tímum skiptir máli að muna eftir aðilum sem þessum, þó í litlu sé.”* Forseti leggur til að tillögunni verði vísað til bæjarráðs. Það var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

**e. Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 9. nóvember 2010**

Fundargerðin er í 9 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Þórdís Erla Björnsdóttir óskaði eftir að það yrði bókað að hún tæki ekki þátt í umræðum né afgreiðsu um lið 8 í fundargerðinni og vék af fundi undir þeim lið. Umræður urðu um fundargerðina. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

**3. Önnur mál**

**a. Skólastefna Blönduóssbæjar.**

Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri Blönduskóla og Guðjón Ólafsson, fræðslustjóri mættu á fundinn og kynntu tilgang og vinnu við drög að Skólastefnu Blönduóssbæjar og stefnuna sjálfa. Nokkrar umræður voru um stefnuna.

Bæjarstjórn samþykkti eftirfarandi bókun: „*Bæjarstjórn samþykkir að vísa drögum að skólastefnu Blönduóssbæjar til kynningar fyrir íbúum í gegnum heimasíður leikskóla, grunnskóla og Blönduósbæjar þar sem öllum íbúum er gefin kostur á að koma með ábendingar til bæjarstjórnar.*“

**b. Kosningar til stjórnlagabings þann 27. nóvember 2010.**

Fyrir fundinum liggur kjörskrárstofn í Blönduósbæ vegna kosninga til stjórnlagabings þann 27. nóvember 2010. Kjörskrárstofn byggir á íbúaskrá þjóðskrár 6. nóvember 2010. Bæjarstjórn yfirfór kjörskrárstofn. Á kjörskrá eru alls 626 einstaklingar, 301 kona og 325 karlar. Bæjarstjórn samþykkti kjörskrárstofn sem kjörskrá í sveitarfélaginu með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Bæjarstjóra falið að ganga frá kjörskrárstofni og undirrita sem kjörskrá. Kjörskrá Blönduóssbæjar liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins til kjördags. Forseti bar upp þennan lið og var hann samþykktur með 7 atkvæðum.

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Heiðrún Bjarkadóttir (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Þórdís Erla Björnsdóttir (sign.)

Hörður Ríkharðsson (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)